

4. maí 2009
SI-51434

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 14. apríl 2009 óskaði viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til þingsályktunar um samningu lagafrumvarps um nýja tegund hlutafélaga sem eru með gagnsætt eignarhald og bann við lánveitingum og krosseignarhaldi slíkra hlutafélaga, 375. mál.

Seðlabankinn tekur undir með flutningsmönnum þingsályktunartillögunnar að mikilvægt sé að eignarhald fyrirtækja sé gagnsætt, þ.m.t. eignarhald fjármálafyrirtækja. Ljóst er að allt eftirlit grundvallast á upplýsingum og því afar mikilvægt að upplýsingar um lykilþætti, t.d. eignarhald, séu ljósar. Í þingsályktunartillögunni er vikið að gagnkvæmu eignarhaldi og raðeignarhaldi og áhrifum þess á eigið fé. Seðlabankinn hefur varað við áhættu fjármálafyrirtækja af útlánum til skuldsettra fjárfestingarfélaga, því eigið fé slíkra félaga lækkar mun hraðar en rekstrarfélaga þegar hlutabréfaverð lækkar.

Í þingsályktunartillögunni er vikið að því að vandamálið sé alþjóðlegt. Ljóst er að miklar breytingar eiga eftir að eiga sér stað í regluverki og umgjörð fyrirtækja í Evrópu á næstu misserum, þ.m.t. fjármálafyrirtækja. Seðlabankinn mun fylgjast vel með þróun þeirra mála.

Að öðru leyti tekur Seðlabankinn ekki afstöðu til þingsályktunartillögunnar.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Svein Harald Öygard
seðlabankastjóri

Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri